

Almannavarnir Árnæssýslu

5. fundur Almannavarnarnefndar Árnæssýslu, haldinn mánudaginn
11. maí, 2009 Kl: 12.00 að Austurvegi 2, Selfossi, III hæð.

Fjárhagsfundur

Mættir:

Árborg

Bláskógabyggð

Flóahreppur

Grímsnes- og Grafningshreppur

Hrunamannahreppur

Hveragerðisbær

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Ölfus

Brunavarnir Árnæssýslu

Ragnheiður Hergeirsdóttir

Margeir Ingólfsson

Margrét Sigurðardóttir

Jón G. Valgeirsson

Ísólfur Gylfi Pálmason

Aldís Hafsteinsdóttir

Gunnar Marteinson

Ólafur Áki

Kristján Einarsson

framkvæmdastjóri nefndarinnar, sem ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2009

Ragnheiður hóf umræðuna og fylgdi áætlun úr hlaði.

Áætlunin hefur verið rædd á fyrri fundum en nú liggur fyrir að samþykkja nýja áætlun fyrir nýja nefnd á komandi Héraðs-
nefndarfundi 12. maí n.k.

Kristján fór yfir einstaka liði.

Um er að ræða blað sem uppfært er frá fjárhagsáætlun Árborgar og nágrennis. Liðir áætlunarinnar hafa verið uppfærðir miðað við að öll sveitarfélög í Árnæssýslu standa að rekstrinum.

Hann sagði að áætlanir Almannavarnarnefndar Árborgar hefði staðist ágætlega undanfarin ár.

Nú væri það hlutverk nefndarmanna að meta einstaka liði miðað við nýja nefnd.

- a) Umræður urðu um áætlunina, niðurstaða var þessi:
Launakostnaður, 525 þús. fellur niður þar sem nefndarmenn eru launaðir frá sínum sveitarfélögum eða stofnunum.
- b) Annar kostnaður hækkar úr 60 í 200 þús. þar sem gera þarf ráð fyrir kostnaði vegna ýmissa málaflokka, s.s. ferðakostnaður nefndarinnar á dögnum og hugsanlegum kostnaði v. húsaleigu. Þessi liður færir niður á blaðinu og nefnist "Ófyrirséð"
- c) Akstur nefndarmanna á eigin bílum fer úr 200 í 50 þús. Þar þarf að gera ráð fyrir kostnaði ef t.d. námskeiðshaldarar gera kröfu um greiðslu vegna aksturs.
- d) Húsaleiga, 225 þús. fellur niður þar sem nefndin hefur ákveðið að eiga ekki búnað nema að litlu leiti.
- e) Stofnbúnaður, 300 þús. fellur niður.
- f) Heildarniðurskurður frá fyrri drögum 945 þús.

- g) Framlag pr. íbúa verður kr. 132 krónur á ári
Fram kom að gera þarf ráð fyrir breytingum fyrir árið 2010 á rekstarlið “Þjónusta frá BÁ” Kostnaður verður greindur nánar út frá rekstri skrifstofu og launakostnaði.

2. Breyting á kennitölu AÁ

Kristjáni og Jóni falið að skoða breytingu á kennitölu AÁ.
Þ.e.a.s. færa kennitölu Árborgarnefndarinnar yfir á AÁ.

3. Aðgerðaáætlun

Kristjáni falið að kanna stöðu aðgerðaráætlunar .
(Áhættumat og Viðbragðsáætlun)

4. Fundur

Fyrirhugað að funda í lok maí.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13.30
